
g FÍM

anfélagsmönnum eða erlendum myndlistarmönnum verið boðin þátttaka en nú eru það eingöngu félagsmenn í FÍM sem sýna.

FÍM rekur sýningarsal og sölugallerí að Garðastræti 6, Reykjavík.




gasýningu

Á sunnudaginn ætlar Þór Magnússon þjóðminjavörður að veita gestum leiðsögn um víkingasýninguna. Leiðsögnin hefst í Þjóðminjasafninu klukkan 14 og er gert ráð fyrir að þaðan verði gengið niður í Norræna hús og haldið áfram þar til kl. 15.

Aðsókn að sýningunni hefur verið góð þrátt fyrir rysjótt tíðarfar. Myntsláttan í Norræna húsinu hefur vakið sérstaka athygli, einkum yngri gesta, en þar er hægt að slá sér víkingamynt.

Þá hefur fjöldi skólafólks sótt sýninguna með kennurum sínum enda hefur safnkennari Þjóðminjasafnsins útbúið sérstök verkefni fyrir skólana. Aðgangur að sýningunni er ókeypis fyrir skólafólk með kennurum og verkefnin sömuleiðis.



Ein ljósmynda Sigurbjörns Hallbjörnssonar á sýningu hans á Mokka.

Mokka:

Ljósmyndir Sigurþórs Hallbjörnssonar

Þessa dagana stendur yfir ljósmyndasýning á Mokka. Sýndar eru átján ljósmyndir Sigurbjörns Hallbjörnssonar og ber sýningin yfirskriftina Ferðalag.

Þema sýningarinnar er ferð um Evrópu sem Sigurbjörn fór síðastliðið sumar. Hann hefur áður tekið þátt í samsýningu með ljósmyndaklúbbnum Hugmynd '81. En þetta er fyrsta einkasýning hans.

Hótel Saga:

Norðurlönd og samruninn í Evrópu

Norski þingmaðurinn Tora Aasland Houg flytur erindi á opinni ráðstefnu Alþýðubandalagsins á Hótel Sögu á morgun kl. 13. Nefnist erindið Norðurlönd og samruninn í Evrópu.

Tora Aasland Houg er þingmaður Sósíalíska vinstriflokksins, félagsfræðingur að mennt og var varaformaður flokksins 1983–1987. Á Stórþinginu hefur hún meðal annars verið talsmaður flokksins í iðnaðarmálum.

Þjóðleikhúsið:


Óvitar

Barnaleikritið Óvitar eftir Guðrúnu Helgadóttur nýtur mikilla vinsælda og hefur verið uppselt á allar sýningar.

Óvitar eru virkilega skemmtilegt leikrit þar sem öllu er snúið við, börnin fæðast stór en minnka með aldrinum. Foreldrarnir reyna að fá börnin til að borða minna svo þau verði lítil og mömmurnar reyna að spara með því að kaupa of lítil föt á krakkana. Fullorðnir leika börnin og börnin eru leikin af fullorðnum.

Níu fullorðnir og tuttugu börn taka þátt í sýningunni. Það reynir mikið á börnin, sem eru á aldrinum sjö til fjórtán ára, að leika upp fyrir sig í aldri. Fullorðnu leikararnir verða aftur á móti að lifa sig inn í hugarheim barna.

Aðalhlutverkin leika Þór Tulinius og Halldór Björnsson. Fjallar leikritið um Guðmund og Finn, sem þeir leika, og hvaða afleiðingar strok Finns hefur sem hreiðrar um sig heima hjá Guðmundi án þess að nokkur viti. Aðrar sýningar í Þjóðleikhúsinu um helgina eru Háskleg kynni og óperan Ævintýri Hoffmanns en nú eru aðeins fjórar sýningar eftir á þessari vinsælu óperu.



Úr sýningu Þjóðleikhússins á hinu vinsæla barnaleikriti Guðrúnar Helgadóttur, Óvitum.

fræði, sjálfsævisögur o.fl. Fyrir tveimur árum var Grafskrift hins gleymda eftir Jón lesin sem framhaldssaga á rás 1. Þeir ábyrgu er 90 bls., offsetfjölrituð í Letri en með litprentaðri kápu. Útgefandi er Letur hf. Kápu teiknaði Jens Kr. Guð.

Góugleði F.Í.S.N.

Góuhátíð Félags íslenskra námsmanna í Noregi (F.Í.S.N.), verður haldin í Risinu, Hverfisgötu 105, Reykjavík, laugardaginn 25. febrúar nk. Mæting kl. 19. Borðhald hefst kl. 20.30.

Kvenfélag Bústaðakirkju

heldur aðalfund í safnaðarheimili kirkjunnar mánudag 20. febrúar kl. 20.30.

Samtök Græningja

Nýverið hafa samtök Græningja opnað skrifstofu að Vesturgötu 12. Skrifstofan er opin virka daga kl. 18–23 og um helgar kl. 15–18. Græningjar munu halda fund á Hótel Borg þann 19. febrúar nk. kl. 17 undir yfirskriftinni „Græn stjórnmál – Græn framtíð". Fundurinn er opinn öllum þeim sem vilja kynna sér starf og stefnu Græningja, sem eru ört vaxandi afl í heiminum í dag. Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Græningja að Vesturgötu 12, sími 621083.

Kvennadeild Barðstrendingafélagsins

heldur aðalfund sinn að Hallveigarstöðum mánudaginn 20. þ.m. kl. 20.30. Gestur fundarins verður Friðgerður Friðgeirsdóttir.



Dinah, ný verslun

Ný verslun hefur opnað í Grímsbæ við Bústaðaveg undir nafninu Dinah. Hún verslar með alhliða undirfatnað, sundfatnað, náttfatnað og fl. fyrir dömur og herra á öllum aldri. Eigandi er Dinah Dunn.

Sýningar

Árbæjarsafn,
sími 84412
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 10–18.

Ásgrímssafn,
Bergstaðastræti 74
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 13.30–16.00.

Bókasafn Kópavogs
Í listastofu Bókasafns Kópavogs stendur yfir sýning Gríms M. Steindórssonar á tuttugu verkum sem unnin eru á síðustu tveimur árum og hafa ekki áður komið fyrir almenningssjónir. Þau eru úr stáli og steini, bæði vegg- og standmyndir. Verkin eru til sölu.

Djúpið,
Hafnarstræti 15
Þormóður Karlsson myndlistarmaður sýnir í Gallerí Djúpinu (kjallara veitingastaðarins Hornsins).

FÍM-salurinn,
Garðastræti 6
Erla B. Axelsdóttir sýnir olíumálverk og pastelmyndir. Sýningin er opin virka daga kl. 13–18 en um helgar kl. 14–18 og stendur hún til 21. febrúar.

Gallerí Borg,
Pósthússtræti 9
Ásgerður Búadóttir sýnir níu verk sem öll eru ofin á árunum 1986–1989. Sýningin er opin virka daga kl. 10–18 og um helgar kl. 14–18. Henni lýkur 28. febrúar.

Gallerí Gangskör
er opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12–18. Verk Gangskörunga eru til sölu og sýnis.

Listasafn Einars Jónssonar
er opið alla laugardaga og sunnudaga kl. 13.30–16. Höggmyndagarðurinn er opinn daglega kl. 11–17.

Gallerí Grjót,
Skólavörðustíg
Nú stendur yfir sýning á verkum þeirra 9 listamanna sem að galleríinu standa. Verkin eru öll til sölu. Galleríið er opið mánudaga til föstudaga kl. 12–18.

Gallerí Langbrók,
Bókhlöðustíg 2,
textílgallerí, er opið þriðjudaga til föstudaga kl. 12–18 og laugardaga kl. 11–14.

Gallerí List,
Skipholti 50b
Sænska listakonan Elsa Rook sýnir 24 verk sem máluð eru með akríl á striga. Sýningin stendur til sunnudagsins 19. febrúar og er opið alla daga frá kl. 10.30–18 en sunnudaga frá kl. 14–18.

Gallerí Svart á hvítu,
Laufásvegi 17
Í listaverkasölu gallerísins (efri hæð) eru til sölu verk ýmissa myndlistarmanna.

Hafnarborg,
menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar
Þar stendur yfir ljósmyndasýning á 150 ljósmyndum eftir ungt fólk í framhaldsskólum. Að sýningunni stendur Ljósbrot, félag áhugaljósmyndara í framhaldsskólum. Sýningin er opin alla daga nema þriðjudaga kl. 14–19.

Kjarvalsstaðir
v/Miklatún
Félag íslenskra myndlistarmanna opnar félagssýningu sína, sem haldin er annað hvert ár (tvíæringur), á morgun, laugardag, kl. 14. Sýningin stendur til 5. mars.

Í Odda,
nýja hugvísindahúsinu,
er opið daglega kl. 13.30–17. Þar eru til sýnis 90 verk í eigu safnsins, aðallega eftir yngri listamenn þjóðarinnar. Aðgangur að safninu er ókeypis.

Listasafn Íslands,
Frikirkjuvegi 7
Í sal 1 eru kynntir þrír málarar: Jón Stefánsson, Jóhannes S. Kjarval og Gunnlaugur Scheving. Verk fyrstu landslagsmálaranna, Þórarins B. Þorlákssonar og Ásgríms Jónssonar, eru sýnd í sal 2 og spanna þau yfir tímabilið frá 1900–1930. Í sölum á efri hæð hússins hefur nú verið komið fyrir nýjum aðföngum, málverkum og höggmyndum eftir íslenska listamenn. Listasafnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 11–17 og er aðgangur og auglýst leiðsögn ókeypis. Veitingastofa hússins er opin á sama tíma.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar,
Laugarnestanga 70
Í tilefni af opnun safnsins og 80 ára afmæli listamannsins er haldin yfirlitssýning á 50 verkum Sigurjóns. Þar á meðal eru myndir sem aldrei hafa áður verið sýndar á Íslandi. Safnið og kaffistofan eru opin laugardaga og sunnudaga kl. 14–17. Tekið er á móti hópum eftir samkomulagi.

Mokka Kaffi,
Skólavörðustíg
Sigurþór Hallbjörnsson sýnir 18 ljósmyndir. Sýningin ber yfirskriftina Ferðalag. Þema sýningarinnar er ferð um Evrópu sem Sigurþór fór sl. sumar. Hann hefur áður tekið þátt í samsýningu en þetta er fyrsta einkasýning hans.

Nýhöfn,
Hafnarstræti 18
Guðbjörg Lind Jónsdóttir sýnir í Nýhöfn. Á sýningunni eru olíumálverk og vatnslitamyndir unnar á sl. ári. Sýningin, sem er sölusýning, er opin virka daga kl. 10–18 og um helgar kl. 14–18. Henni lýkur 22. febrúar.

Norræna húsið
v/Hringbraut
Víkingar í Jórvík og vesturvegi nefnist sýning í Norræna húsinu og Þjóðminjasafninu. Þetta er fyrsta stóra víkingasýningin sem haldin er á Íslandi. Mikill hluti sýningarefnisins kemur frá Jórvík eða York á Englandi. Sýningin í Norræna húsinu byggist á gripum frá Jórvík. Hún stendur til 3. apríl. Þá stendur einnig yfir sýningin Börn norðursins (Children of the North). Er þarna um að ræða sýningu á myndskreytingum úr norrænum barnabókum.

Nýlistasafnið
v/Vatnsstíg
Ívar Valgarðsson heldur sína sjöundu einkasýningu í Nýlistasafninu. Á sýningunni eru verk sem fjalla um listbrögð sem verður að beita til að öðlast heiður, auðsæld, ást og orðstír. Sýningin stendur til 19. febrúar.

Stofnun Árna Magnússonar
Handritasýning Stofnunar Árna Magnússonar er í Árnagarði við Suðurgötu á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum kl. 14–16.

Póst- og símaminjasafnið,
Austurgötu 11
Opið á sunnudögum og þriðjudögum kl. 15–18. Aðgangur ókeypis.

Sjóminjasafn Íslands,
Vesturgötu 8,
Hafnarfirði
Opið laugardaga og sunnudaga kl. 14–18.

Vinnustofa Ríkeyjar,
Hverfisgötu
Þar eru til sýnis og sölu postulínslágmyndir, málverk og ýmsir litlir hlutir. Opið er á verslunartíma þriðjudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga og á laugardögum kl. 10–16.

Þjóðminjasafnið
Opið þriðjudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga kl. 11–16. Sýningin Víkingar í Jórvík og vesturvegi stendur yfir þar.

Myndlistarsýning í SPRON
Í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, útibúinu Álfabakka 14, Breiðholti, stendur yfir sýning á verkum eftir Sigurð Þóri Sigurðsson. Sýningin er opin mánudaga til fimmtudaga kl. 9.15–16 og föstudaga kl. 9.15–18. Sýningin er sölusýning.

Listkynning á Akureyri
Alþýðubankinn og Menningarsamtök Norðlendinga kynna að þessu sinni grafíklistakonuna Guðbjörgu Ringsted. Guðbjörg er fædd 1957. Hún lauk námi í grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1983. Hún hefur haldið tvær einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Á listkynningunni eru 11 dúkristur unnar á árunum 1983 og 1988. Listkynningin er í útibúi Alþýðubankans á Akureyri, Skipagötu 14, og stendur hún til 10. mars.